

## Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 4. október kl. 08:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 27. september 2024 lögð fram til kynningar og umfjöllunar.

### 2. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

#### Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Á árinu 2023 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins neikvæður um 835,6 m.kr. samanborið við 712,6 m.kr. í jákvæðan afgang árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.563,6 m.kr., skuldir 7.969,6 m.kr. og eigið fé nam 594 m.kr.

### 3. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Farið var yfir dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica 9. október kl. 16:00.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 09:29.

---

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Hrund Pétursdóttir

---

Dan Jens Brynjarsson

---

Hörður Hilmarsson

---

Friðjón Einarsson

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir